



## Viðmiðunarreglur um snjómokstur í dreifbýli Bláskógabyggðar

### Almennt:

Meginmarkmið snjómoksturs og hálkueyðingar er að koma börnum í skólann á réttum tíma og greiða um leið akstursleiðir þeirra sem þurfa til og frá vinnu og minnka þau óþægindi sem snjór og ís veldur einstaklingum, fyrirtækjum og skólahaldi.

Snjómokstri og hálkueyðingu í dreifbýli er stjórnað af tveimur aðilum; Vegagerðinni og Bláskógabyggð. Útboð Vegagerðarinnar og Bláskógabyggðar á snjómokstri miðar við tímabilið 1. nóvember til 15. apríl ár hvert. Snjómokstri og hálkueyðingu í þéttbýli er stjórnað af Bláskógabyggð.

### Þjódvegir:

Vegagerðin sér um allan mokstur á þjóðvegum.

### Héraðs- og tengivegir:

Vegagerðin hefur skilgreint þá vegi þar sem heimilt er að beita helmingamokstursreglu. Samkvæmt reglum Vegagerðarinnar (sjá [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)) er heimilt að moka þessa vegi með kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar að hámarki þrisvar sinnum í viku, meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla. Miðað er við að búið sé að opna allar aðalleiðir virka daga kl. 7 að morgni þá daga sem mokað er. Kostnaður við snjómokstur þessara vega skiptist til helminga á Vegagerð og sveitarfélagið. Komi til að moka þurfi helmingamokstur oftar en þrisvar í viku verður að liggja fyrir samþykki Vegagerðarinnar á greiðslu helmings kostnaðar á mótí Bláskógabyggð. Vegagerðin sér um þann mokstur að höfðu samráði við sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs. Samkvæmt reglum Vegagerðarinnar er einnig heimilt að moka sérstaklega vegna jarðarfara og greiðir Vegagerðin þann kostnað að fullu.

### Heimreiðar í dreifbýli:

- Heimreiðar í dreifbýli eru mokaðar **virka daga** þegar þörf er á. Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar metur þörf á mokstri.
- Einungis eru mokaðar heimreiðar að bæjum þar sem er **föst búseta** og viðkomandi íbúar með **skráð lögheimili**.
- Sveitarfélagið annast ekki mokstur heimreiða að sumarhúsum, óháð því hvort þar er skráð lögheimili eða ekki. Sveitarfélagið greiðir ekki snjómokstur eða hálkueyðingarnir inni á sumarhúsasvæðum. Sumarhúsafélögum er bent á að mögulegt er að sækja um styrk til Bláskógabyggðar vegna veghalds á sumarhúsasvæðum, skv. nánari reglum þar um.

### Þéttbýli:

- Götur í þéttbýli eru mokaðar, svo og bílastæði við stofnanir sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sér ekki um mokstur á heimkeyrslum að fyrirtækjum eða íbúðarhúsum í þéttbýli, gildir það einnig um heimkeyrslur að lögbylum sem eru innan þéttbýlis.

Aðilar sem taka upp fasta búsetu og skrá lögheimili á stöðum í dreifbýli sem ekki hefur verið mokað að geta haft samband við sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs varðandi mokstur.

Hafa ber í huga að þessar reglur eru settar til viðmiðunar og ber að líta á þær sem slíkar. Getur tíðarfar og snjóþyngsli raskað áformum um mokstur. Hvorki Vegagerðin né Bláskógabyggð bera ábyrgð á tjóni sem kann að verða, takist ekki að framfylgja viðmiðunarreglunum.

Samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 8. nóvember 2018